

Fjallabyggð
Gránugötu 24
580 Siglufjörður

8. ágúst 2017
UST201707-212/P.B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Malarvöllur á Siglufirði

Vísað er til erindis Fjallabyggðar er barst þann 21. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag malarvallarins á Siglufirði.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er 11.000fm að stærð og er staðsett miðsvæðis í bænum. Svæðið var upphaflega beitarland fyrir búfénað áður en það var afhent Knattspyrnufélagi Siglufjarðar og notað til æfinga og keppnisleikja. Í dag er svæðið ekki lengur nýtt sem malarvöllur en er að mest leyti grasi gróið á sumrin og notað sem snjógeymsla á veturna.

Í greinargerð kemur fram að hvorki sé um að ræða náttúruverndar- né minjasvæði.

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdir innan skipulagssvæðisins eru ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og deiliskipulagið fellur því ekki undir lög um umhverfismat áætlana.


Umsögn

Umhverfisstofnun telur jákvætt að verið sé að nýta auð svæði innan byggðar til uppbyggingar á íbúðahúsnæði.


Í greinargerð kemur fram að gert verði ráð fyrir opnu svæði fyrir almenning á skipulagssvæðinu, Umhverfisstofnun tekur undir þær hugmyndir.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við ofangreinda tillögu að skipulagslýsingu.

Virðingarfyllst



Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur



Agnar Bragi Bragason
Teymistjóri